

Reykjavík 8. mars 2019

**Umsögn Deildar heilsueflingar, íþróttá og tómsundafræði,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands**

um

**Frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda
við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla**

Forsendur

Við deild heilsueflingar, íþróttá og tómsundafræði (HÍT) fer fram menntun nokkurra fagstétta: íþróttá- og heilsufræðinga (þ.m.t. íþróttakennara), tómsundafræðinga og heimilisfræðikennara. Deildin hefur farið mjög vaxandi undanfarin ár. Af þeim nýnemum sem hófu nám í grunnskólakennarafræðum við Menntavísindasvið HÍ síðastliðið haust sækir helmingur nám við HÍT deild, að mestu í íþróttá- og heilsufræði.

Nám íþróttakennara byggir á langri, sérhæfðri reynslu og samstarfi við vettvanginn. Auk skólaíþróttá koma íþróttakennarar að fjölda starfa í samfélaginu. Traust og sérhæfð fagþekking stéttarinnar hér á landi er meðal annars talin eiga þátt í einstöku starfi í barna- og unglingsíþróttum, góðum árangri íslenskra íþróttamanna og –kvenna á alþjóðavettvangi og fáum drukknumum á Íslandi.

Innan deildarinnar fer einnig fram öflugt nám í heimilisfræði og heilsueflingu. Þessar greinar skipa mikilvægan sess í því starfi grunnskóla sem snýr að heilbrigði og velferð, einum a grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrá. Fagþekking þessarar stéttar felst einkum í því að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis.

Þriðja starfsstéttin sem sækir menntun sína til HÍT deildar eru þeir sem hyggja á störf á vettvangi tómsunda og félagsmála. Tómsunda- og félagsmálafræði er í núverandi regluverki ekki álitin faggrein í grunnskóla. Þó er vert að benda á að í grunnskólalögum kemur fram að innan grunnskóla skuli boðið upp á tómsunda- og félagsstarf (33.gr), frístundaheimili eru rekin í tengslum við grunnskóla í flestum sveitarfélögum sem hluti af grunnþjónustu og skv. kröfu í grunnskólalögum (33. gr. a. Frístundaheimili) og í starfi þeirra skal „tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins“. Því virðist löggjafinn telja eftirsóknarvert að innan grunnskóla starfi fagfólk með þekkingu á hugmyndafræði og fagleghum undirstöðum frístundastarfs /tómsunda. Í framhaldi af því frumvarpi sem hér er til til umsagnar beinum við þeim tillögum til löggjafans að skoða hvort rétt sé að skilgreina sérhæfða þekkingu tómsundakennara, að norrænni fyrirmynd.

Í eftirfarandi umsögn um *frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla* leggjum við, fyrir hönd HÍT deildar og þeirra námsbrauta sem undir hana heyra, áherslu á að kröfur um faggreinaþekkingu grunnskólakennara verði betur skilgreindar. Ábendingar okkar eru í fullu samræmi við umsögn kennara við Deild faggreinakennslu, Menntavísindasviði, HÍ.

Umsögn:

Við teljum mikilvægt að nánar sé kveðið á um það í frumvarpinu að grunnskólakennarar, líkt og framhaldsskólakennarar, búi yfir tiltekinni þekkingu á faggreinum og kennslufræði þeirra. Þar sem lögunum er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skipulag kennaranáms, og sérhæfðri hæfni er ætlað að auðvelda stjórnendum skóla að velja hæfa kennara, teljum við mikilvægt að greinatengd hæfni sem tekur mið af þörfum grunnskólans sé skilgreind í lögunum.

Í 5. grein frumvarpsdraganna er sérhæfð hæfni leik-, grunn- og framhaldsskólakennara skilgreind. Ítarlega er fjallað um sérhæfða hæfni framhaldsskólakennara (töluliðir 3–6) en aðeins er fjallað stuttlega um sérhæfða hæfni grunnskólakennara í tölulið 2. Þar segir:

Kennari með sérhæfingu á grunnskólastigi býr auk almennrar hæfni yfir sérhæfðri hæfni í að lágmarki einu greinasviði aðalnámskrár grunnskóla á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

Í þessu felst krafa um 30–120 eininga nám á grunnstigi háskóla. Lágmarkshæfni er þannig hæfni sem svarar til 30 eininga háskólanáms (einnar annar) í einni af kennslugreinum grunnskólans. Miðað við núgildandi lög og reglugerð er hér um verulegan niðurskurð að ræða því þar er kveðið á um 120 einingar í faggreinum. Hæfni sem samsvarar 30 einingum á einu greinasviði er hvorki fullnægjandi undirbúningur til kennslu í yngri né eldri bekkjum grunnskóla.

Til samræmis við nákvæma upptalningu á sérhæfðri hæfni framhaldsskólakennara og til að skapa samfellu í menntunarkröfum kennara á aðliggjandi skólastigum er lagt til að í stað töluliðar 2 í 5. grein komi:

- A) Kennari með sérhæfingu til að kenna á grunnskólastigi býr auk almennrar hæfni yfir sérhæfðri hæfni í að lágmarki einu greinasviði aðalnámskrár grunnskóla sem samsvarar að lágmarki 90 eininga námi á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, í viðkomandi grein auk 30 eininga í sérhæfðri kennslufræði viðkomandi greinar.
- B) Kennari með sérhæfingu til að kenna list- og verkgreinar á grunnskólastigi býr auk almennrar hæfni yfir sérhæfðri hæfni sem samsvarar að lágmarki 90 eininga námi á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, í viðkomandi grein auk 30 eininga í sérhæfðri kennslufræði viðkomandi greinar.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd deildar Heilsueflingar, íþróttar og tómstunda, Menntavísindasviði Háskóla Íslands,

Anna Sigríður Ólafsdóttir, Prófessor og deildarforseti

Ársæll Már Arnarsson, Prófessor og námsbrautarstjóri í tómstunda- og félagsmálafræði

Ástríður Stefánsdóttir, Dósent og formaður meistaranáms í heilsueflingu og heimilisfræði

Ragnheiður Júníusdóttir, Aðjúnt og formaður grunnnáms í heilsueflingur og heimilisfræði

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, Dósent og formaður námsbrautar í íþróttar og heilsufræði